

Föstudaginn 16. nóvember 1990.

Nr. 351/1989. **Friðrik Þór Guðmundsson**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

Þrotabúi Goðgár h/f

(Hjalti Steinþórsson hrl.).

Vinnusamningur. Gjaldþrotaskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 8. september 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 22. ágúst 1989 samkvæmt heimild í 96. gr. skiptalaga nr. 3/1878, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Dómkröfur áfrýjanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 65.466 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. júní 1988 til 15. ágúst sama ár og að sú krafa verði við yfirstandandi skipti á Þrotabúi Goðgár h/f tekin til greina sem forgangskrafa, sbr. 84. gr. skiptalaga nr. 3/1978. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti auk virðisaukaskatts.

Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram, að kröfur hans beri að taka til greina á grundvelli venjuhelgaðrar skýringar á samningi Blaðamannafélags Íslands og blaðaútgefenda. Er þetta stutt gögnum um uppgjör við blaðamenn, þegar dagblaðið Tíminn tók við starfsemi blaðsins N.T. í ársbyrjun 1986, um uppgjör við mann eftir 20 mánaða starf hjá Dagblaðinu Vísi nokkru fyrr og yfirlýsingu framkvæmdastjóra Blaðamannafélags Íslands. Ekki hafa þeir, sem gengu frá gögnum þessum, komið fyrir dóm og ekki önnur vitni. Er ekki nægilega fram komið, að áfrýjandi geti byggt á réttarvenju. Að þessu athuguðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð með tilvísun til forsendna hans um annað en málskostnað.

Rétt er, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður um annað en málskostnað.

Málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 19. maí 1989.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 17. maí 1989.

Sóknaraðili, Friðrik Þór Guðmundsson, Miðstræti 8, Reykjavík, gerði við upphaf málareksturs þessa þá kröfu, að „honum verði greiddar kr. 133.075 auk dráttarvaxta í samræmi við ákvæði vaxtalaga frá 1. júní 1988 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu“. Við munnlegan málflutning breytti hann kröfu sinni þannig, að krafist er greiðslu kr. 65.466 auk dráttarvaxta samkvæmt ákvæðum vaxtalaga frá 1. júní 1988 til 15. ágúst 1988 og að sú krafa verði við yfirstandandi skipti á þrotabúi Goðgár hf. tekin til greina sem forgangskrafa, og einnig, að krafan beri vexti, reiknaða með sama hætti, frá 15. ágúst 1988 til greiðsludags, en ekki er krafist forgangsréttar fyrir þeim kröfulið.

Varnaraðili, þrotabúi Goðgár hf., krefst þess, að hann „verði sýknaður af öllum kröfum sóknaraðila“, en upphaflega gerði hann varakröfu, sem var efnislega á sama veg og hin breytta kröfugerð sóknaraðilja. Þá krefst varnaraðili þess, að sóknaraðilja verði gert að greiða varnaraðilja málskostnað að mati réttarins, hver sem niðurstaða málsins að öðru leyti verður.

Sáttaumleitanir dómarans hafa ekki borið árangur.

Búi Goðgár hf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 15. ágúst 1989, samkvæmt beiðni stjórnar félagsins. Var Elvar Örn Unnsteinsson héraðsdómslögmaður ráðinn bústjóri þrotabúsins til bráðabirgða, og á fyrsta skiptafundi þess hinn 5. desember 1988 var hann kosinn skiptastjóri þess.

Sóknaraðili lýsti kröfu í þrotabúið á kröfulýsingarfresti, samtals kr. 952.256. Við skiptameðferð búsins hafa aðiljar orðið sammála um tiltekna kröfuliði sóknaraðilja. Hins vegar greinir aðiljana á um kröfulið, sem í kröfulýsingunni er lýst þannig:

„...Hlutfallsleg réttindi til 3ja mán. leyfis eftir 5 ára starf kr. 133.075.“

Fjárhæð þessa kröfuliðar hefur þó breyst undir rekstri málsins, svo sem rakið var hér að framan.

Sóknaraðili gerir þá grein fyrir kröfu sinni, að hann hafi frá ársbyrjun 1986 starfað sem blaðamaður við Helgarpóstinn, sem var vikublað og Goðgá hf. gaf út. Á grundvelli 3. liðar 4. kafla kjarasamnings Blaðamanna-

félags Íslands annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Goðgár hf. og fleiri aðilja hins vegar hafi hann lýst í búið forgangskröfu vegna hlutfallslegra réttinda til þriggja mánaða leyfis eftir 5 ára starf/4 ára starf. Umrætt samningsákvæði sé svohljóðandi:

„... Blaðamenn, sem unnið hafa óslitið 5 ár eða lengur hjá sama blaði, skulu að loknu 5 ára starfi fá þriggja mánaða frí á fullum launum, og skal þá innifalið sumar- og vetrarleyfi ársins. Blaðamenn fái þetta frí aftur eftir 10 ára starf, síðan hverju sinni eftir 4 ár. Blaðamenn noti leyfið til utanfarar eða á annan hátt í samráði við útgefendur í því skyni að auka hæfni sína í starfi, og skrifi þeir greinar í blöð sín eftir samkomulagi. Samkomulag við útgefendur skal ráða, hvenær árs slík frí eru tekin, og er útgefendum ekki skylt að veita nema einum blaðamanni frá hverju blaði slíkt leyfi samtímis. Samkomulag skal einnig ráða um það, hvenær sumars venjuleg sumarleyfi eru tekin. Segi blaðamaður upp starfi, fellur niður réttur hans til þriggja mánaða leyfis. Sé hins vegar blaðamanni sagt upp starfi, ber blaðinu að greiða honum það, sem hann á inni af umræddu fríi. Ráði útgefandi til starfa blaðamann frá öðru blaði, sem þar hefur starfað í samfelld a.m.k. fimm ár, skal hann þó halda áunnum rétti sínum til þriggja mánaða frís og hljóta það hjá hinum nýja útgefanda, eins og hann hefði starfað samfelld hjá honum. Sé réttur blaðamanns til þriggja mánaða frís óljós, gera útgefandi og viðkomandi blaðamaður sársamning um þriggja mánaða frí..“

Sóknaraðili heldur því fram, að ákvæði hliðstætt þessu hafi verið í kjarasamningum Blaðamannafélags Íslands við útgefendur að minnsta kosti frá árinu 1954 og hafi aldrei áður, svo að vitað sé, valdið ágreiningi. Ljóst sé, að hann hafi unnið sér inn samkvæmt starfsaldri réttindi í samræmi við þessa samningsgrein með störfum sínum hjá Goðgá hf. og eigi því rétt til að fá greidd þessi áunnu réttindi í hlutfalli við starfstíma sinn þar.

Sóknaraðili byggir á því, að krafa sem þessi sé launakrafa, sem njóti forgangsréttar við skipti á þrotabúi vinnuveitandans.

Krafa varnaraðilja í málinu er á því reist, að sóknaraðili hafi aðeins starfað í 30 mánuði hjá Goðgá hf., er starfslok hans urðu þar vegna gjaldþrots félagsins. Réttur til umrædds launaðs leyfis geti aldrei stofnast fyrir en eftir 5 ára samfelld starf, en því skilyrði sé ekki fullnægt í tilviki sóknaraðilja. Breyti engu í því sambandi það tilbrigði, að sé blaðamanni sagt upp störfum, beri að greiða honum það, sem hann eigi inni af slíku fríi. Sóknaraðili hafi því ekkert átt inni hjá Goðgá hf. á grundvelli þessa ákvæðis kjarasamningsins, er bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta.

Varnaraðili telur skýringu sóknaraðilja á umræddu kjarasamningsákvæði ekki geta samrýmt augljósum tilgangi þess. Ætlunin sé, að slík leyfi séu notuð til að auka hæfni viðkomandi blaðamanns í starfi. Þá beri honum

og að skrifa í viðkomandi blað á leyfistímanum eftir nánara samkomulagi við útgefanda þess. Um slíkt geti af augljósum ástæðum ekki orðið að ræða, ef starfslok blaðamanns verða vegna gjaldþrots útgefandans.

Ekki er ágreiningur um launakjör þau, sem sóknaraðili naut hjá hinu gjaldþrota félagi, eða hvernig reikna beri út kröfufjárhæðina, verði krafa hans tekin til greina á annað borð. Ágreiningurinn lýtur eingöngu að því, hvort sóknaraðili eigi, við þær aðstæður, að vinnuveitandinn sé gjaldþrota, rétt á að reikna sér í hlutfalli við starfstíma sinn sem útistandandi laun ígildi þess leyfis, sem hann gat vænst að fá eftir fimm ára starfstíma hjá félaginu, ef það hefði starfað svo lengi.

Samkvæmt áðurgreindu ákvæði þess kjarasamnings, sem sóknaraðili byggir kröfur sínar í málinu á, öðlast blaðamenn, sem samningurinn tekur til, rétt til þriggja mánaða leyfis á fullum launum, þegar þeir hafa starfað í 5 ár hjá sama útgefanda. Tilgangur með þessu ákvæði samningsins er allvel skýrður í ákvæðinu sjálfu. Þannig er þar ráðgert, að frítímanum sé varið til að auka hæfni viðkomandi blaðamanns í starfi, sem ætti að nýttast vinnuveitandanum einnig. Þá er leyfið bundið skilyrðum um, að viðkomandi blaðamaður láti blaði sínu í té efni til birtingar, meðan á leyfinu stendur.

Þar sem sóknaraðili hafði ekki starfað í fimm ár hjá Goðgá hf., hafði hann ekki öðlast rétt til launaðs leyfis á grundvelli umrædds samnings-ákvæðis, þegar starfstíma hans þar lauk. Þykir hann ekki hafa fært að því haldbær rök, að skýra beri umrætt kjarasamningsákvæði þannig, að réttur til slíks leyfis skapist með störfum frá degi til dags, þannig að hann verði reiknaður út hlutfallslega, ef starfslok verða, áður en tilskildum starfstíma er náð. Skiptir ekki máli við úrlausn um kröfu hans, hver aðdragandi var að starfslokum hans hjá Goðgá hf. Verða kröfur hans í málinu því ekki teknar til greina.

Samkvæmt þessum úrslitum og með vísan til 1. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936 verður sóknaraðilja gert að greiða varnaraðilja málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 35.000.

Ragnar Halldór Hall borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðilja í máli þessu, Friðriks Þórs Guðmundssonar, er hafnað.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja, þrotabúi Goðgár hf., kr. 35.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.